

# Bólusetning gegn kórónaveiru

## – COVID-19 Vaccine AstraZeneca (AstraZeneca)

### Upplýsingar fyrir þig sem hefur verið boðin þessi bólusetning

Nýja kórónaveiran veldur öndunarferasjúkdómi. Algengt er að einkennin séu engin eða væg en sumir verða alvarlega veikir. Hættan á því að veikjast alvarlega eða jafnvel að deyja er mest hjá eldri borgurum og fólki með undirliggjandi sjúkdóma. Bólusetning gegn kórónaveirunni kemur í veg fyrir sjúkdóm af völdum hennar. Markmiðið er að vernda líf og heilsu fólks.

### Hverjir geta fengið þessa bólusetningu gegn veirunni?

Sé fólki ráðlagt að fá þetta bóluefni í þjóðaráttakinu um bólusetningu stendur það til boða þeim sem komið er að í forgangs röðun yfirvalda.

Bólusetningin er ókeypis og að vali hvers og eins. Bólusetningin býðst öllum sem dveljast í Noregi.

### Hvar get ég fengið bólusetningu?

Upplýsingar um hverjum verður boðin bólusetning, hvernig hún verður framkvæmd og hvenær það gerist má finna á vefsetri sveitarfélagsins.

### Þannig fer bólusetning fram

Bólusett er í upphandleggsvöðva. Þú færð tvo skammta af bóluefni með 9-12 vikna millibili. Mikilvægt er að þú fái seinni sprautuna á tilgreindum tíma. Áður en bólusett er færðu spurningar um heilsufar þitt og hvort þú hafi fengið ofnæmisviðbrögð við fyrri bólusetningum. Mundu að láta vita ef þú ert með barni, ert með ofnæmi, tekur lyf eða glímir við önnur heilbrigðisvandamál. Bólusetningu er yfirleitt frestað vegna bráðs sjúkdóms og þegar fólk er með meira en 38 stiga hita. Að bólusetningu lokinni verður þú beðin/n um að bíða á bólusetningarstað í að lágmarki 20 mínútur.

### Hvernig virkar þetta bóluefni?

Bóluefnið nýtir sér hættulausa veiru (kvefveiru) sem stuðlar að flutningi uppskriftarinnar að hinum dæmigerðu göddum kórónaveirunnar inn í líkamann. Það örvar líkamann til að búa til afrit af göddunum sem ónæmiskerfið getur þjálfað sig á. Þannig lærir líkaminn að þekkja og verjast alvöru kórónaveiru ef hann smitast síðar.

Flutningsveiran getur ekki fjölgað sér í líkamanum og brotnar hratt niður. Bóluefnið getur hvorki valdið sýkingu af völdum kórónaveiru né neinum öðrum sýkingum. Kórónubóluefnið hefur fyrirbyggjandi verkun. Það læknar þig ekki ef þú hefur þegar sýkst af kórónuveirunni.

Bóluefni hefur áður verið búið til á þennan hátt gegn ebóluveirunni.

### Hve vel virkar bóluefnið?

Bóluefnið veitir vernd gegn sjúkdómi þeim sem nýja kórónuveiran veldur. Um 60% þeirra sem þátt tóku í rannsóknunum voru orðin ónæm fyrir sjúkdómnum tveimur vikum eftir síðari

sprautuna. Niðurstöður virðast þó benda til þess að bóluefnið veiti betri vernd ef það líða 9 vikur eða meira á milli bólusetninga. Rannsóknir benda til þess að bóluefnið veiti auk þess vernd gegn það alvarlegum veikindum af völdum kórónaveirunnar að þörf sé fyrir innlögn á sjúkrahús. Við vitum ekki enn hve lengi bóluefnið veitir vernd. Ef virkni bóluefnisins minnkar með tímanum gæti reynst nauðsynlegt að gefa nýjar sprautur til endurnýjunar. Bólusetning kemur í veg fyrir veikindi og þar af leiðandi dreifingu smits en við vitum enn ekki að hvaða marki. Þess vegna er mikilvægt að halda áfram að fara eftir ráðum um vernd gegn smiti.

## Aukaverkanir

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hafa fært okkur umtalsverða vitneskju um algengar og sjaldgæfari aukaverkanir hjá þeim sem bólusettil eru. Við getum ekki útilokað sjaldgæfar aukaverkanir eða aukaverkanir sem fyrst verður vart við löngu eftir að bólusettil var. Flestar aukaverkanir komu fram fyrstu dagana eftir bólusetningu og liðu hjá eftir fáeina daga:

- Rúmlega helmingur bólusettra fær verk á stungustað.
- Aðrar algengar aukaverkanir eru veikindatilfinning, þreyta, höfuðverkur, vöðva- og liðaverkir, kuldahrollur, ógleði og sótthiti.
- Aukaverkanir eru vægari og sjaldgæfari eftir seinni skammtinn.

Langalgengast var að aukaverkanir væru mildar eða í meðallagi. Færri en 5% fengu óþægilegri aukaverkanir sem eru hættulausar en höfðu þó áhrif á daglegt líf þá daga sem þær stóðu yfir.

## Hvað geri ég ef aukaverkanir koma fram?

Ef þú finnur fyrir óvæntum, sterkum eða langvarandi einkennum sem þú heldur að megi rekja til bólusetningarinnar ættirðu að leita ráða hjá lækni eða öðru starfsfólki heilsugæslunnar. Öll starfsfólki heilsugæslunnar er skylt að tilkynna um alvarleg eða framandi viðbrögð sem þig grunar að gætu verið vegna bólusetningar. Þú getur einnig sent tilkynningu á [helsenorge.no](https://helsenorge.no) á eigin vegum.

## Skilyrt samþykkt bóluefnis

Bóluefnið gegn kórónuveirunni hefur verið prófað í umfangsmiklum rannsóknum þar sem mörg þúsund manns fengu bólusetningu. Bóluefnið hefur verið rannsakað á sama hátt og önnur bóluefni, nema hvað að eftirfylgnitíminn er styttri. Heilbrigðisyfirvöld Noregs hafa gefið bóluefninu skilyrt samþykki sitt. Það þýðir að fyrir hendi eru fullnægjandi gögn til að meta að gagnsemi bóluefnisins er miklu meiri en áhættan, en að framleiðandi bóluefnisins verði að halda rannsóknum áfram og kynna heilbrigðisyfirvöldum jafnóðum þau gögn sem verða til.

## Hvaða bólusetningar hef ég fengið?

Þegar þú færð bólusetningu gegn kórónaveirunni er það skráð í SYSVAK, norska landskrá yfir bólusetningar. Upplýsingarnar má finna á [helsenorge.no](https://helsenorge.no)

## Viltu vita meira?

Þér er velkomið að spyrja lækni þinn, þau sem bólusettu þig eða annað starfsfólk heilsugæslunnar. Upplýsingar er einnig að finna á vefsetri Folkehelseinstituttet: <https://www.fhi.no/kvp>